

Strandminjar - Leiðbeiningar fyrir skráningareyðublöð og gagnagrunn

Heiti reitar:	Skýring:	tegund reitar:
Auðkenni	Númer minjaheildar (fært inn af Minjastofnun þegar tekið er við gögnum)	stuttur textareitur
Sveitarfélag (núverandi)		stuttur textareitur
Sveitarfélag (árið 1990)		stuttur textareitur
Sýsla		stuttur textareitur
Jörð	Heiti jarðar/landareignar sem minjarnar eru á	stuttur textareitur
Nafn	Nafn viðkomandi minjaheildar ef það er þekkt	stuttur textareitur
Minjar frá nr. til nr	Númer minja sem tilheyra viðkomandi minjaheild	stuttur textareitur
X hnit	Hnitakerfi: ISN93	6 stafa tala
Y hnit	Hnitakerfi: ISN93	6 stafa tala
Skrásetjari	Fullt nafn þess sem fyllir út eyðublaðið (nöfn þeirra sem mæla upp á vettvangi fylgja mæligögnunum fyrir einstakar minjar)	
Hlutverk minjaheildar	Bæjarstæði/kumlateigur o.s.frv. Sbr. staðla Minjastofnunar Íslands frá 2013, hægt er að velja fleiri en eitt hlutverk auk þess sem við staðlana bætast hlutverkin verstöð, sjóminjar, landbúnaðarminjar og byggðakjarni	flettilisti í gagnagrunni
Staðhættir	Staðsetning miðað við örnefni eða þekkt kennileiti og landslag, stutt lýsing. Athugið að allir textareitir í gagnagrunni stækka eftir því sem fyllt er í þá, skrásetjari af stærð reitanna eins og þeir birtast þegar þeir eru prentaðir út.	textareitur
Lýsing minjaheildar	Almenn lýsing á minjaheildinni og sögu hennar. Mætti hugsa sem kynningartexta fyrir viðkomandi minjaheild, þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um minjaheildina í stuttu máli, s.s. ef sett væri upp skilti á staðnum. Athugið að allir textareitir í gagnagrunni stækka eftir því sem fyllt er í þá, skráningaraðilar eru því ekki bundnir af stærð reitanna eins og þeir birtast þegar þeir eru prentaðir út.	textareitur
Ástand minjaheildar	Hér er beðið um að lagt sé mat á minjastaðinn sem heild, þ.e. almennt ástand minjanna, er meirihluti þeirra t.a.m. illa farinn eða ógreinilegar eða eru þetta heillegar minjar heilt yfir að líta. Athugið að allir textareitir í gagnagrunni stækka eftir því sem fyllt er í þá, skrásetjari er því ekki bundinn af stærð reitanna eins og þeir birtast þegar þeir eru prentaðir út.	textareitur
Hættumat	Sbr. staðla Minjastofnunar Íslands frá 2013 (engin hætta/hætta/mikil hætta)	flettilisti í gagnagrunni úr stöðlum

Strandminjar - Leiðbeiningar fyrir skráningareyðublöð og gagnagrunn

Hættuorsök	Hér er beðið um að lagt sé mat hættuna sem að minjasvæðinu steðjar sem heild og greint frá ástandi strandlengjunnar framan við minjarnar. Einnig skal tekið fram ef minjum stafar hættu af einhverju öðru en landbroti, s.s. uppblæstri, ágangi dýra, framkvæmdum eða öðru (sbr. staðla Minjastofnunar Íslands frá 2013). Athugið að allir textareitir í gagnagrunni stækka eftir því sem fyllt er í þá, skrásetjari er því ekki bundinn af stærð reitanna eins og þeir birtast þegar þeir eru prentaðir út.	textareitur
Landbrot	Merkið í viðeigandi reiti, fleiri en einn ef það á við:	flettilisti í gagnagrunni
	Viðvarandi landbrot	reitur til að haka í
	Viðvarandi uppblástur	reitur til að haka í
	Stöðugt ástand en landbrot/rof í stórviðrum	reitur til að haka í
	Áður landbrot/rof en er nú stöðugt	reitur til að haka í
	Ekki greinanlegt landbrot/rof nú eða áður	reitur til að haka í
	Jarðvegssuppsöfnun	reitur til að haka í
Landbrot lýsing/saga	Nauðsynlegt er að ræða við staðkunnuga um ástand strandlengjunnar hvort þar gæti rofs. Ef svo er þarf að reyna að afla upplýsinga um hraða þess. Landeigendur eru oft bestu heimildamenn um þetta og hafa öðrum fremur við eitthvað að miða, s.s. eftir að hafa þurft að færa girðingar eða mannvirki. Athugið að allir textareitir í gagnagrunni stækka eftir því sem fyllt er í þá, skrásetjari er því ekki bundinn af stærð reitanna eins og þeir birtast þegar þeir eru prentaðir út.	textareitur
Sjóvarnir		
	Hakið við ef sjóvarnir eru á staðnum	reitur til að haka í
Lýsing sjóvarna	Ef sjóvarnir eru á staðnum, þá lýsa þeim í stuttu máli og taka mynd, helst þannig að bæði varnargarður og minjar sjáist.	textareitur
Aðgengi	Merkið í viðeigandi reiti, fleiri en einn ef það á við:	flettilisti í gagnagrunni
	Gott aðgengi, engar hindranir	reitur til að haka í
	Aðgengilegt, en ógreiðfært	reitur til að haka í
	Aðgengilegt fótgangandi (gönguleið)	reitur til að haka í
	Aðgengilegt af landi á bíl/tæki	reitur til að haka í
	Ekki aðgengilegt en sést af vegi, slóð eða nærliggjandi landi	reitur til að haka í
	Ekki hægt að komast nema fótgangandi	reitur til að haka í
	Ekki hægt að komast nema sjóleiðis	reitur til að haka í

Strandminjar - Leiðbeiningar fyrir skráningareyðublöð og gagnagrunn

Lýsing á aðgengi	Stutt lýsing á því hvernig er að komast á staðinn, þarf t.d. að stökkva skurði, klifra yfir girðingar, vaða vatnföll eða ganga yfir tún til að komast að minjunum? Eru landeigendur jákvæðir gagnvart því að ferðamenn komi og skoði minjarnar?	textareitur
Staðurinn er:	Merkið í viðeigandi reiti, fleiri en einn ef það á við:	flettilisti í gagnagrunni
	Vel þekktur	reitur til að haka í
	Oft heimsóttur	reitur til að haka í
	Hefur staðbundna tengingu/sögu	reitur til að haka í
	Er ekki þekktur á svæðinu	reitur til að haka í
	Veit ekki	reitur til að haka í
Upplifunargildi:	Fátt byggir meira á huglægu mati skrásetjara en þessi þáttur. Matið þarf að byggja á sjónræna þættinum og fræðslugildi minjanna. Á fólk t.d. auðvelt með að sjá umfang og form minjana? Er auðvelt að gera sér í hugarlund þær aðstæður og umhverfi sem minjarnar eru sprotnar úr? Athugið að allir textareitir í gagnagrunni stækka eftir því sem fyllt er í þá, skrásetjari er því ekki bundinn af stærð reitanna eins og þeir birtast þegar þeir eru prentaðir út.	textareitur
Staðbundin tenging/saga:	Sumar menningarminjar og minjaheildir eru mikilvægar í hugum fólks því þær vekja hjá þeim tilfinningu um að minjarnar tilheyri einhverju sérstöku í sögu þjóðarinnar. Það getur verið hvort sem er á landsvísu eða á mun staðbundnari vísu, og verið jafnt í tengslum við atburði, hefðir og/eða persónur. Gerið grein fyrir því ef það á við. Athugið að allir textareitir í gagnagrunni stækka eftir því sem fyllt er í þá, skrásetjari er því ekki bundinn af stærð reitanna eins og þeir birtast þegar þeir eru prentaðir út.	textareitur
Notkunargildi:	Því hefur verið haldið fram að besta leiðin til að vernda minjar sé að nýta þær en nýtingin má þó aldrei ganga svo langt að fornleifar hljóti skaða af. Segja má að allar minjar sé hægt að nýta ef áhugi og skapandi hugsun er fyrir hendi en sumar minjar eru þó betur til þess fallnar en aðrar. Hér þarf að samtvinna nokkra þætti, svo sem upplifun, aðgengi og ásigkomulag en taka inn í myndina hvort nýting minjanna, sem í flestum tilvikum væri einhver tenging við ferðaþjónustu, væri á skjön við þá starfsemi sem kann að vera til staðar og nýtingu svæðisins. Athugið að allir textareitir í gagnagrunni stækka eftir því sem fyllt er í þá, skráningaraðilar eru því ekki bundnir af stærð reitanna eins og þeir birtast þegar þeir eru prentaðir út.	textareitur

Strandminjar - Leiðbeiningar fyrir skráningareyðublöð og gagnagrunn

Mögulegar aðgerðir:	Hvaða aðgerðir ef einhverjar myndir þú vilja láta fara í á staðnum? Hafa þarf í huga að umfangsmiklar sjóvarnir geta í sumum tilfellum skert upplifunargildi staðarins. Þá eru sumir staðir svo illa farnir nú þegar að rannsóknar og upplifunargildi þeirra er verulega skert. Í sumum tilfellum er hins vegar hægt að auka verulega upplifunargildi staðar með því að veita upplýsingar á staðnum og/eða bæta úr aðgengi með einföldum hætti. Athugið að allir textareitir í gagnagrunni stækka eftir því sem fyllt er í þá, skrásetjari er því ekki bundinn af stærð reitanna eins og þeir birtast þegar þeir eru prentaðir út.	textareitur
----------------------------	--	-------------

Til að prenta út eyðublað til skráningar á vettvangi skal opna Access grunninn "Strandminjar - Gagnagrunnur fyrir minjaheildir" Velja "reports" sem er græn mappa til vinstri á skjánum. Þegar búið er að opna hana er farið í "File" og "Print"